

## Um inntökuskilyrði í framhaldsskólum

Í reglugerð um innritun í framhaldsskóla nr. 1150/2008 segir að kröfur um undirbúning nemenda og önnur skilyrði innritunar skuli miðast við skólalæinkunnir við lok grunnskóla og aðra þætti sem miða að því að nemendur hafi nægan undirbúning til að takast á við nám á viðkomandi námsbraut. Í reglugerðinni segir einnig að í samningi skóla og menntamálaráðuneytis skuli kveðið sérstaklega á um skyldur einstakra framhaldsskóla við innritun nemenda og þær forsendur og kröfur sem skóli leggur til grundvallar við innritun nemenda.

Til að gæta samræmis hefur ráðuneytið ákveðið að í inntökuskilyrðum á námsbrautir framhaldsskóla skuli ekki

gerð krafa um hærri skólalæinkunn en 6 í einstökum greinum. Framhaldsskólar skulu taka mið af því er þeir auglýsa almenn inntökuskilyrði á einstakar námsbrautir.

Ekki skal vikið frá almennum inntökuskilyrðum við afgreiðslu á umsóknum frá nemendum sem eiga forgang á skólavist. Fáir skóli hins vegar fleiri umsóknir en hann getur tekið við þarf hann til viðbótar almennum inntökuskilyrðum að birta reglur um hvernig valið er úr hópi umsækjenda.

Inntökuskilyrði á einstakar námsbrautir eiga að vera aðgengileg á vefsíðu hvers framhaldsskóla og á síðu þeirra á kynningarvefnum „Nám að loknum grunnskóla.“

### 88,5 milljónum úthlutað til innlestrar dagskrárgerðar

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að eftirstöðvum Menningarsjóðs útvarpsstöðva, samtals 88,5 milljónir króna, verði úthlutað til innlestrar dagskrárgerðar fyrir hljóðvarp og sjónvarp í samræmi við úthlutnarreglur sjóðsins. Það verður gert með tveimur úthlutunum á árinu 2010 annars vegar og árinu 2011 hins vegar. Mennta- og menningarmálaráðherra mun skipa sjóðnum nýja stjórn á næstunni sem fær það hlutverk að undirbúa úthlutanirnar.

Hefðbundinni starfsemi Menningarsjóðs útvarpsstöðva lauk um aldamótin en síðan hefur inneign hans á bankareikningi ávaxtast vel og er hún nú 88,5 milljónir króna. Hlutverk sjóðsins er að veita styrki til eflingar á innlendri dagskrárgerð í hljóðvarpi og sjónvarpi.

### Mikil þátttaka í Lífshlaupinu 2010

Vel heppnuðu Lífshlaupi lauk formlega með lokahátíð og verðlaunaafhendingu föstudaginn 26. febrúar í hátíðarsal KSÍ.

Heildarfjöldi þátttakenda jókst á milli ára um 44% og var núna 13.337. Alls tóku 9056 þátt í vinnustaðakeppni en

fjölgunin var mest í hvatningarleik fyrir grunnskóla þar sem þátttakan jókst um 170% eða úr 1330 í 3598. 683 einstaklingar skráðu stig inn í einstaklingskeppnina og vonandi á þeim eftir að fjölga eftir þessa keppni. 1202 lið frá 394 fyrirtækjum tóku þátt í vinnustaðakeppninni en 263 bekkir frá 39 skólum tóku þátt í hvatningarleiknum. Sú tegund hreyfingar sem var vinsælust meðal þátttakenda var ganga 22,63%, líkamsrækt 14,74%, hlaup 3,73% og skíði 3,16%. Á Íslandskorti sem er á vef Lífshlaupsins má sjá árangur þátttakenda eftir sveitarfélögum og voru þátttakendur í 65 af 78 sveitarfélögum. Hlutfallslega flestir þátttakendur voru úr Grímsnes- og Grafningshreppi 18,07%. Í öðru sæti var Hvalfjarðarsveit 2,94% og í þriðja sæti Skútustaðahreppur 13,3%. Mennta- og menningarmálaráðuneytið og aðrir aðstandendur Lífshlaupsins hvetja alla til að setja sér ný markmið og halda áfram að hreyfa sig og skrá

árangur sinn inn á vef Lífshlaupsins og í leiðinni vera þátttakendur í einstaklingskeppninni sem er í gangi allt árið.

Nánari upplýsingar um Lífshlaupið má nálgast á [www.lifshlaupid.is](http://www.lifshlaupid.is)

### Ný námstækifæri fyrir unga atvinnuleitendur

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og félags- og tryggingamálaráðuneytið hafa undirritað samkomulag um námstækifæri á framhaldsskólastigi fyrir unga atvinnuleitendur. Samkomulagið er gert í framhaldi af sameiginlegri skýrslu ráðuneytanna: [Ungt fólk án atvinnu – virkni þess og menntun](#) (PDF) en skýrsluna er meðal annars finna á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Samkomulag ráðuneytanna felur í sér að stefnt er að því að fjölga námsúrræðum með því annars vegar að fjölga námsplássum á núverandi námsbrautum og hins vegar með því að þróa ný námsúrræði. Vinnuálastofnun er heimilað að semja við framhaldsskóla um námsvist á núverandi námsbrautum fyrir fólk á aldrinum 18-24 ára sem eru án atvinnu og tryggt innan atvinnuleysistryggingakerfisins. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur stofnað stýrihóp sem setur viðmið fyrir skipulag nýrra námsbrauta og annast samskipti við framhaldsskóla

um uppbyggingu námsbrauta til framhaldsskólaprófs.

„Ég vona að þetta samkomulag verði til þess að við getum komið betur til móts við ungt fólk án atvinnu. Það er mikilvægt, bæði fyrir einstaklingana og samfélagið allt,“ segir Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra.

### Grunnskólanemendum fækka frá síðasta skólaári

Samkvæmt tölfræði úr gagnasafni Hagstofu Íslands voru nemendur í grunnskólum á Íslandi 42.929 haustið 2009, auk þess sem 89 börn stunduðu nám í 5 ára bekk í 5 skólum. Grunnskólanemendum hefur fækkað um 582 frá síðastliðnu skólaári eða um 1,3%. Gera má ráð fyrir að nemendum grunnskóla haldi áfram að fækka næstu árin því þeir árgangar sem munu hefja grunnskólanám eru fámennari en þeir árgangar sem ljúka munu grunnskólanámi. Grunnskólanemendur á Íslandi voru flestir haustið 2003, 44.809. Frá þeim tíma hefur grunnskólanemendum fækkað um 1.880 nemendur.

Nánari upplýsingar á [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is)

